

Nd.

63. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Einar Ágústsson, Óskar Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar eru fjórir, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Laugarvatni. Stofna skal auk þessa einn menntaskóla á Austurlandi og einn á Vestfjörðum, þegar fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er aðeins einn menntaskóli í Reykjavík, og er hann til húsa í gömlu menntaskólabyggingunni við Lækjargötu, svo sem kunnugt er. Það hús var tekið í notkun árið 1846, og voru nemendur Latinuskólans þá 60. Nú eru nemendur Menntaskólans í Reykjavík rúmlega 900, og er því augljóst, að þetta gamla hús er orðið allt of lítið fyrir starfsemi skólans og óhjákvæmilegt að byggja nýtt skólahús til viðbótar. Að vísu hafa framkvæmdir verið hafnar að auknum byggingum í grennd við gamla skólahúsið. Þær framkvæmdir geta þó ekki nema að mjög litlu leyti bætt úr þeim húsnæðisvandráðum, sem þarna er um að ræða, en bæta fyrst og fremst úr brýnni þörf á sérkennslustofum fyrir ýmsa verklega kennslu.

Þá er almennt viðurkennt, að Menntaskólinn í Reykjavík sé nú þegar orðinn a. m. k. nægilega stór og því rangt að stefna að fjölgun nemenda í honum. Íslenskir skólamenn munu flestir þeirrar skoðunar, að slíkur skóli eigi ekki að vera fyrir fleiri en 500—600 nemendur. Miðað við þann nemendafjölda gætu tveir menntaskólar verið fullsetnir í Reykjavík innan eins til tveggja ára.

Ýmsir nefna miklu lægri tölu um fjölda nemenda, allt niður í 300—350. Allir munu hins vegar sammála um, að 800—900 sé allt of hátt, jafnvel þótt aðstæður væru hinar beztu.

Vegna þessara ástæðna þarf að fjölga menntaskólum í Reykjavík í tvo hið allra fyrsta og hefja byggingu nýs skólahúss eins fljótt og við verður komið.

Á undanförnum þingum hafa nokkrum sinnum verið fluttar tillögur um stofnun menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum. Þær tillögur hafa verið fluttar vegna mikils áhuga í þessum byggðarlögum fyrir því, að aðstaða unglunga til framhaldsnáms væri jöfnuð svo sem verða mætti. Virðist það sanngirniskrafa, að íbúar Austurlands og Vestfjarða yrðu að þessu leyti settir við sama borð og íbúar á Suður- og Norðurlandi. Þess vegna er í þessu frumvarpi einnig gert ráð fyrir stofnun menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum, þegar fé verður veitt til þeirra á fjárlögum.

Menntaskólarnir á Akureyri og Laugarvatni hafa þegar starfað árum saman samkvæmt heimild í framangreindum lögum. Sú breyting, sem hér er lögð til, er því aðeins formbreyting til samræmingar.

Breyttir þjóðfélagshættir auka þörfina á sérmenntuðu fólki til starfa í margvíslegum greinum. Batnandi þjóðarhagur byggist í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni verði tekin í þjónustu atvinnuveganna. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða fyrir því, að sem allra flestir eigi kost á að afla sér þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til að geta orðið virkur þátttakandi þessarar framtíðaruppbyggingar.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og var þá vísað til ríkisstjórnarinnar.

Það er skoðun flutningsmanna, að ekki megi dragast, að Alþingi veiti þá lagaheimild, sem til þarf til þess að koma menntaskólamálunum í viðunandi horf, og þess vegna er frumvarpið endurflutt.